



Innviðaráðuneytið
Sölvhóls götu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 10. október 2025

2509478SA VRB
Málalýkill: 00.64

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum,
mál nr. S-180/2025**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 22. september sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Með frumvarpinu eru lagðar til viðamiklar breytingar á sveitarstjórnarlögum sem varða flesta þætti laganna. Í frumvarpinu kemur fram að meginmarkmið þess megi draga saman með þeim hætti að því sé ætlað að styrkja og efla sveitarstjórnarstigið í heild sinni þannig að sveitarfélög séu betur í stakk búin til að takast á við umfangsmikil verkefni, tryggja skilvirka þjónustu við íbúa og stuðla að sjálfbærri þróun sveitarfélaga og byggðarlaga um allt land.

Afstaða Sambandsins

Mikil og fjölbreytt vinna liggur að baki fyrirbyggjandi frumvarpi og byggir efni þess m.a. á niðurstöðum starfshópa og vinnustofa, álitum umboðsmanns Alþingis og leiðbeiningum og álitum frá ráðuneytinu. Frumvarpið inniheldur einnig ákvæði sem fela í sér pólitíska sýn ráðherra í málaflokknum s.s. varðandi sameiningar sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er að finna margar jákvæðar breytingar sem eru til þess fallnar að skýra og skerpa á atriðum sem hafa verið óljós og gera má ráð fyrir að um þau komi til með að ríkja nokkuð almenn sátt á sveitarstjórnarstiginu. Hins vegar eru einnig í frumvarpinu ákvæði sem munu koma til með að hafa veruleg áhrif á sveitarstjórnarstigið og fyrirséð er að verði umdeild meðal sveitarfélaga. Er það m.a. átt við ákvæði er varða breytingar á reglum um fjármál sveitarfélaga og sameiningar þeirra.

Þar sem um fjölpættar breytingar er að ræða mun Sambandið skipta umfjöllun sinni í nokkra kafla sbr. neðangreint.

A. Almennar stjórnsýsluumbætur og starfsaðstæður kjörinna fulltrúa

Um er að ræða breytingar á fjölmörgum ákvæðum í II. – VI. kafla laganna. Sambandið telur þær heilt yfir til bóta og til þess fallnar að skýra löggjöf og framkvæmd og stuðla að vandaðri stjórnsýslu. Hins vegar eru nokkur ákvæði sem Sambandið telur rétt að koma á framfæri ábendingum við:

Boðun og auglýsing funda – 15. gr. laganna

Í frumvarpinu eru gerðar breytingar er varða boðun og auglýsingu funda. Breytingin felur m.a. í sér að sólarhrings boðunarfrestur er einungis heimill ef mál sem eru á dagskrártillögu fundarins eru ekki viðamikil. Sambandið bendir á að hér er um ansi matskennda heimild að ræða og nokkuð fyrirséð að það geti valdið ágreiningi í framkvæmd hvað teljist „viðamikið“ mál. Vissulega er í skýringum með ákvæðinu að finna viðmið sem hægt er að horfa til en þar er þó ekki að finna sérstök rök fyrir þörfinni á þessari breytingu. Það má því spyrja hvort að áhættan á ágreiningi um túlkun vegi þyngra en rökin fyrir breytingunni. Ef það er mat ráðuneytisins mætti útlista það nánar í skýringum með ákvæðinu.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála – 20. gr. laganna

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á 20. gr. er varða hæfi. Er þar fyrst að nefna að það kemur inn ákvæði um að áður en sérstaks álits er aflað um hæfi kjörins fulltrúa, skuli honum tilkynnt um það og veittur kostur á aðkomu að málinu. Út frá sjónarmiðum um vandaða stjórnsýsluhætti og andmælarétt hefur Sambandið skilning á þessari breytingu. Hins vegar eru uppi ákveðnar áhyggjur af því hvernig þessi regla kemur til með að virka í raun, sér í lagi þar sem ekki er skilgreint hvernig „aðkomu“ viðkomandi á að vera háttað. Það er mikilvægt að stjórnsýsla sveitarfélaga virki og að ákvarðanatöku sé eins hnökralaus og hægt er. Það er því ákveðin hætta á því að ef reglan um aðkomu er túlkuð of vítt verði hægt að tefja að mál séu kláruð. Mikilvægt er að ráðuneytið hafi skilvirkni sveitarfélaga einnig í huga ef það kemur til með að reyna á túlkun á þessu ákvæði.

Þá er einnig gert ráð fyrir að skerpt verði á þeirri reglu sem nú þegar er í lögum að það sé sveitarstjórn eða nefnd sem tekur formlega ákvörðun um hæfi. Sú framkvæmt hefur tíðkast hjá sumum sveitarfélögum að fulltrúar lýsi sig vanhæfa án þess að það fari fram sérstök umræða eða atkvæðagreiðsla um það innan sveitarstjórnar eða nefndar. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að gera þurfi grein fyrir þeim atriðum sem valda vanhæfi áður en ákvörðun er tekin. Mikilvægt er að þessi breyting verði þess ekki valdandi að hnökrar verði í ákvarðanatöku sveitarstjórna og nefnda. Það er ákveðin hætta á því að í stað þess að afgreiða mál fari óþarfa tími í umræður um hæfi sem er jafnvel ekki umdeilt. Þá má jafnframt velta upp þeirri aðstöðu að viðkomandi fulltrúi telji sig vanhæfan en niðurstaða sveitarstjórnar eða nefndar er að svo sé ekki. Setur það viðkomandi fulltrúa í flókna stöðu hvað varðar umræður og ákvarðanatöku. Verði þessi breyting að lögum er mikilvægt að hún verði kynnt vel fyrir sveitarfélögum og jafnframt útskýrt nánar hversu ítarlega þarf að gera grein fyrir ástæðum vanhæfis í fundargerðum.

B. Breytingar á fjármálakafla laganna

Sambandið telur þörf á frekari skýringu á hlutaskiptingu starfsemi sveitarfélaga í 60. gr. og kallar eftir endurskoðun á reglum um atvinnupátttöku sveitarfélaga

Sambandið vekur athygli á því að samkvæmt nýrri 60. gr. og greinargerð með þeirri grein er óljóst hvar á að flokka ólögbundin verkefni sveitarfélaga en samkvæmt 7. gr. sveitarstjórnarlaga er sveitarfélagi heimilt að vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma og taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum. Er nauðsynlegt að 60. gr. og greinargerðin endurspegli betur hvar ólögmælt verkefni sem fjármögnuð eru af tekjustofnum sveitarfélaga og lýtur beinni stjórn sveitarfélags eigi að vera flokkuð í reikningsskilum þeirra. Þá er óljóst hvaða fyrirtæki sveitarfélaga eða a.m.k. að hve miklu leyti þau falla undir C-hluta.

Skýra þarf betur hlutaskiptingu starfsemi sveitarfélaga þar sem hún mun hafa áhrif á framfylgd fjármálareglna. Án nákvæmari skilgreiningar er illa hægt að átta sig á áhrifum annarra breytinga í frumvarpinu.

Þá saknar Sambandið boðaðra breytinga um atvinnupátttöku sveitarfélaga í frumvarpinu s.s. heimildir sveitarfélaga er varða einkaréttarleg félög.

Ársreikningur – 61. gr.

Hjá innviðaráðuneytinu hefur verið stofnaður starfshópur um endurskoðun á regluverki er snýr að færslu bókhalds og framsetningu á ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga. Er því eðlilegra að bíða með breytingar á 61. gr. um ársreikninga þar til niðurstaða liggur fyrir í þeirri vinnu. Það er mjög óheppilegt að breyta framsetningu ársreikninga til skamms tíma til þess eins að innleiða nýjar breytingar þegar sá starfshópur skilar af sér.

Sambandið geldur varhug við þröngum fjármálareglum á A-hluta í 64. gr.

Fjármálareglur eru mikilvægar til að tryggja sjálfbærni opinberra fjármála. Þær verða þó að veita sveigjanleika til að samhæfa fjármál sveitarfélaga við breytingar í efnahagslífinu þegar þörf krefur, að sveitarfélög geti stutt við íbúðauppbyggingu og þannig við stöðugleika í efnahagsmálum. Þá má ekki vera of flókið að framfylgja reglunum, s.s. vegna áætlana sem eru mikilli óvissu háðar. Flóknar reglur leiða til þess að stefnu stjórnvalda skortir festu og almenningi reynist erfitt um vik að hafa eftirlit með sveitarstjórnnum og veita þeim aðhald. Þá gæti slíkt haft neikvæð áhrif á lánakjör sveitarfélaga á fjármálamörkuðum.

Nýtilkynntar tölulegar fjármálareglur sveitarstjórnarlaga miða að því að tryggja sjálfbærni fjármála sveitarfélaga en gætu í núverandi mynd staðið brýnum hagstjórnarmarkmiðum fyrir þrifum. Sveitarfélög þurfa svigrúm til að styðja við íbúðauppbyggingu með umtalsverðri innviðafjárfestingu. Þannig er lagður grunnur að stöðugleika á fasteignamarkaði og í byggingariðnaði sem hvoru tveggja styður

við efnahagslegan stöðugleika. Verja þarf fjárfestingu sveitarfélaga en hún styður við verðmætasköpun og bætir lífskjör íbúa til lengdar.

Mörkin milli A- og B-hluta eru að verða óskýrari svo ekki er augljóst að gagnlegt sé að A- og B-hluti lúti ólíkum fjármálareglum (60. gr. og 64. gr.)


Nú er lagt til að fjölga fjármálareglum þannig að jafnvægi í rekstri og skuldaviðmiði nái einnig til A-hluta sveitarfélaga og skuli ekki verða hærra en 110%. Á sama tíma er A-hlutinn afmarkaður við þá starfsemi sem telst til lögmæltra verkefna sveitarfélaga, eru fjármögnuð af tekjustofnum sveitarfélaga og lúta beinni stjórn sveitarfélags (sbr. breytingar á 60. gr.). Ástæða þess að viðmiðunarhlutfall fyrir A-hluta er sett lægra en samantekinna reikningsskila A- og B- hluta, er að rekstur A-hluta felur jafnan ekki í sér jafn mikla fjárbindingu og starfsemi hefðbundinna B-hluta félaga.

Byggðasamlög skulu nú flokkuð í B-hluta í samræmi við hlutdeild sveitarfélags en í byggðasamlögum er oft grunnstarfsemi sveitarfélaga sem fjármögnuð er með skatttekjum sveitarfélags. Þannig getur færsla lögbundinna verkefna milli A- og B-hluta haft áhrif á hvort sveitarfélag framfylgi fjármálareglunum þó ekkert annað hafi í raun breyst. Þá getur beinlínis skapast hvati til að færa starfsemi milli A- og B-hluta til að framfylgja fjármálareglum. Mörk milli A- og B-hluta geta því orðið sífellt málari og því ekki augljóst að gagnlegt sé að A- og B-hluti lúti ólíkum fjármálareglum.


Markmiðið með samhliða breytingum á 60. og 64. gr. laganna er að setja fjármálareglur á þann hluta sveitarfélaga sem sveitarstjórn hefur beina stjórn á og undanskilja þar með byggðasamlög. Í því samhengi ber að hafa í huga að sveitarstjórn hefur þó ansi litla stjórn á innheimtum tekjum, breytingum í lífeyrisskuldbindingum og þróun fjármagnsliða. Allt eru þetta mjög sveiflukenndir liðir og fylgja hagstærðum sem lúta ekki beinni stjórn sveitarfélaga. Þá er vert að nefna að þótt byggðasamlög séu nú færð í B-hluta þá sinna þau oft lögbundinni þjónustu sem fjármögnuð er með skattfé og mun þannig hafa áhrif á rekstur A-hluta sveitarfélaga. Sambandið er ekki sammála því að með sérstökum fjármálareglum á A-hluta eins og hann er skilgreindur í frumvarpinu sé verið að ná utan um þann hluta sveitarfélaga sem sveitarstjórnir hafa beina stjórn á.

Í sögulegu samhengi er 110% hámark skuldaviðmiðs lágt og gæti staðið íbúðauppbyggingu og nauðsynlegri innviðafjárfestingu fyrir þrífum (64. gr.)

Á árinu 2024 var A-hluti aðeins tveggja sveitarfélaga yfir 110% skuldaviðmiði en skorðuna þarf að horfa á í sögulegu samhengi. Skuldaviðmið A-hluta sveitarfélagastigsins í heild má finna í skýrslum Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (EFS) aftur til ársins 2014 en á því ári var skuldaviðmið A-hluta 103% eða ansi nálægt 110% hámarkinu. Fyrir þann tíma, á eftir hruns árunum 2009-2013, má ljóst vera að A-hluti sveitarfélaga var eflaust vel yfir þakinu þó þær upplýsingar sé ekki að finna á vef EFS. Jafnvel einnig á árunum 2002-2005 hefur viðmiðið verið yfir tillöguðu þaki.




Í dag er breiða línan sú að stór sveitarfélög eru skuldsettari en þau smærri og hafa stærri sveitarfélög gjarnan minni afgang af sínum rekstri. Á það ekki síst við sveitarfélög þar sem íbúafjöldun hefur verið mikil undanfarið sem kallar á miklar fjárfestingar í innviðum. Eðlilegt er að mikilli íbúafjöldun fylgi aukin skuldsetning og er það meginreglan ef horft er yfir fjölda sveitarfélaga.



Ef við horfum til fjölmennra sveitarfélaga (með yfir 5.000 íbúa) og sveitarfélaga þar sem íbúafjöldun hefur verið slík undanfarin fimm ár að hún kallar á mikla innviðauppbýggingu (að auki Hveragerðisbær), þá hefur helmingur þeirra farið yfir eða afar nálægt 110% markinu. Þó Reykjavíkurborg, Garðabær og Akranes séu þar ekki meðtalin hefur skuldahlutfall þeirra hækkað hratt á undanförunum fimm árum enda hefur íbúum þar fjölgað mikið sem hefur kallað á mikla innviðafjárfestingu.

Skuldaviðmið A-hluta nokkurra sveitarfélaga
2018-2024



Sambandið geldur varhug við 110% þakinu þar sem það gæti leitt til minni fjárfestingu sveitarfélaga en mikilvægt er að verja fjárfestingu því hún styður við verðmætasköpun og bætir lífskjör til lengdar. Fjárfesting í innviðum sem tilheyra A-hluta eru oft frambungar og krefjast mikils stofnfjármagns sem felur í sér aukna skuldsetningu til skemmri tíma. Sveitarfélög þurfa nægt rými til að ráðast í miklar innviðafjárfestingar. Þannig er hægt að styðja við íbúðauppbýggingu sem er mikilvægur þáttur í efnahagslegum stöðugleika hér á landi og vinna á umtalsverðri innviðaskuld á sveitarfélagastiginu því án þess að unnið sé á henni má ljóst vera að hún mun standa hagvexti fyrir þrifum.

Eins og fram hefur komið er ekki ljóst að þörf sé á sérstakri skuldareglu fyrir A-hluta sveitarfélaga og Sambandið leggst gegn því að sú regla verði þrengri en sú sem á við samstæðuna.


Jafnvægisregla strangt skilyrði á A-hluta í erfiðu rekstrarumhverfi og framfylgd verður erfið vegna rekstrarliða sem eru talsverðri óvissu háðir og lúta ekki beinni stjórn sveitarfélags (64. gr.)

Jafnvægisreglunni er ætlað að vera ákvörðunarregla sem nýtist við gerð fjármálaáætlunar og fjárheimilda næsta árs. Felur það m.a. í sér að svigrúm við gerð fjárheimilda næsta árs ráðist af útkomuspá, þ.e. áætlaðri útkomu yfirstandandi árs, og rekstrarniðurstöðu næstliðins árs.

Það er jákvætt að fjármálareglan undanskilji fjárfestingu sveitarfélaga enda er tilhneiging að draga hlutfallslega mikið úr fjárfestingarútgjöldum þegar þörf er á að bæta afkomu. Jafnvægisregla á A-hluta er þó ansi ströng miðað við núverandi rekstrarskilyrði sveitarfélaga. Af 62 sveitarfélögum hafa 42 ekki framfylgt slíkri


reglu einhvern tímann á tímabilinu 2012-2024 (11 þriggja ára tímabil). Á árunum 2022-2024 var jafnvægisreglan brotin hjá 16 sveitarfélögum.

Hlutfall tímabila sem ekki hefur verið framfylgt 3 ára jafnvægisreglu hjá A-hluta
2012-2024



Að ná jafnvægi í rekstri er ágæt ákvörðunarregla en sjálfræði A-hluta sveitarfélaga í tekjuöflun og veittri þjónustu er fremur lítið. Mikill meirihluti sveitarfélaga er með útsvarsprósentu í hámarki (14.97%) en vigtað með íbúafjölda þá er meðalútsvar í landinu 14.94%. Er það til marks um þrönga fjárhagslega stöðu A-hluta sveitarfélaga og lítið svigrúm sem er til staðar til að bæta hana.

Rekstrarniðurstaða A hluta sveitarfélaga í heild á hverju þriggja ára tímabili



Erfitt getur verið að framfylgja jafnvægisreglunni þar sem fjárheimildir eru ákvarðaðar út frá tekjuáætlun en tekjur eru afar hagsveiflutengdar og erfitt að spá fyrir um þær af nákvæmni. Þá er ekki síður erfitt að spá fyrir um niðurstöðu fjármagnsliða sem eru afar háðir verðbólguþróun, eða breytingar í lífeyrisskuldbindingum. Sveiflur í þessum liðum verður til þess að fjármálastefnunni skortir festu.

Ef markmiðið er að setja fjármálareglu á þann hluta sem sveitarstjórn hefur bein áhrif á og gera almenningi auðveldara að hafa eftirlit með sveitarstjórnun og veita þeim aðhald þá ætti e.t.v. að horfa til þess að undanskilja rekstrarliði sem sveitarstjórn hefur lítil áhrif á. Ekki síst fjármagnsliði en þeir sveiflast sérlega mikið með efnahagsforsendum og útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga sem háðar eru forsendum s.s. lífslíkum, sem eru utan áhrifasviðs sveitarstjórnar. Hvoru tveggja er undanskilið í fjármálareglum ríkissjóðs.

Til viðbótar munu byggðasamlög sem sinna lögbundinni þjónustu og eru fjármögnuð með skattfé hafa áhrif á rekstrarafkomu A-hluta þó samlögin sjálf séu færð í B-hluta.

Sambandið telur jafnvægisreglu á A-hluta strangt skilyrði og ljóst að framfylgd verður erfið vegna margra rekstrarliða sem lúta ekki beinni stjórn sveitarfélags og eru mikilli óvissu háðir.

Samræmi í viðmiðunartekjum í 64. og 66. gr.

Í jafnvægis- og skuldareglu er miðað við reglulegar tekjur. Gagnlegt væri að fá skýringu á reglulegum tekjum en til einföldunar leggur Sambandið til að miðað verði við heildartekjur sveitarfélaga. Þá er í 66. gr. miðað við skatttekjur. Sambandið leggur til að einfalda framsetningu og framfylgd laganna með því að horfa í öllum tilfellum til heildartekna.

Miklar fjárfestingar og skuldbindingar - 66. gr.

Í 66. gr. er lagt til að ef sveitarstjórn tekur ákvörðun um einstaka fjárfestingu, framkvæmd, lántöku, veitingu ábyrgða eða aðrar skuldbindingar A-hluta og B-hluta sveitarfélags, sem nema hærri fjárhæð en 10% af skatttekjum sveitarfélagsins á viðkomandi fjárhagsári, er sveitarfélaginu skylt að gera faglegt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélagsins til næstu fimm ára. Ekki verður séð að það sé nauðsynlegt að lögfesta með þessum hætti að fram fari sérstakt faglegt mat á áhrifum fjárfestinga undir 10%. Gert er ráð fyrir að matið sé á hendi sveitarstjórnar og eðli málsins samkvæmt fer slíkt mat fram þegar sveitarstjórn afgreiðir fjárhagsáætlun til fimm ára.

Í 65. gr. mætti skýra betur hvað fellur undir áhættulitla fjárfestingakosti

Í fyrstu málsgrein er fjallað um hvernig sveitarfélögum er heimilt að ávaxta fjármuni með áhættulitlum fjárfestingakostum. Þá eru í dæmaskyni nefndir nokkrir fjárfestingakostir „svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf, sértryggð skuldabréf viðskiptabanka eða skuldabréf

Lánasjóðs sveitarfélaga.“ Fleiri áhættulitlir fjárfestingakostir standa sveitarfélögum til boða og því gagnlegt að skýra ákvæðið betur. Í þessu samhengi má jafnvel leggja að jöfnu víxla útgefna af fjármálastofnunum og peningamarkaðsinnlánum fjármálastofnanna eða skammtímasjóðum (lausafjársgjóðum eða peningamarkaðssjóðum) sem fjárfesta eingöngu í framangreindum eignum.

Mikilvægt að sveitarfélög verði undanskilin fjármagnstekjuskatti (69. gr.)

Sambandið fagnar því að nú sé skýrt í sveitastjórnarlögum að sveitastjórnir geti veitt lán til eigin félaga sem sinna lögbundnu hlutverki sveitarfélagsins en minnir á mikilvægi þess að fjármagnstekjuskattur verði lagður af hjá sveitarfélögum. Sveitarfélög ættu ekki að þurfa að greiða fjármagnstekjuskatt af tekjum vegna lánveitinga til eigin fyrirtækja í B-hluta samstæðu. Fjármagnstekjuskatturinn kemur í veg fyrir að sveitarfélög geti sótt lánsfé á hagstæðum kjörum og veitt áfram á sömu kjörum til eigin félaga sem sinna lögbundnu hlutverki sveitarfélagsins.

Úthlutun takmarkaðra gæða – ný 70. gr. a.

Með ákvæðinu er gert ráð fyrir að lögfesta þá reglu að þegar sveitarfélag úthlutar takmörkuðum gæðum, þar á meðal við sölu eða leigu fasteigna, úthlutun lóða eða styrkja, skuli úthlutunin að jafnaði auglýst opinberlega þar sem fram skulu koma skýrir og gagnsær skilmálar um úthlutunina. Heimilt er þó að víkja frá auglýsingaskyldu ef sýnt er fram á að slíkt þjóni betur íbúum sveitarfélags, t.d. vegna atvinnuuppbyggingar eða annarra stefnumarkandi markmiða sveitarfélagsins.

Ekki er sérstaklega skilgreint hvað átt er við með að „sýnt sé fram á að slíkt þjóni betur íbúum sveitarfélaga“. Það getur oft verið krefjandi verkefni fyrir sveitarfélög, sérstaklega víða á landsbyggðinni, að fá áhugasama aðila til að t.a.m. taka að sér uppbyggingu í sveitarfélaginu. Reiknar Sambandið því með að í ljósi sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga hafi sveitarfélög töluvert svigrúm við mat á hvort að heimilt sé að víkja frá auglýsingaskyldu svo ákvæðið komi ekki til með að gera sveitarfélögum erfiðara fyrir að ráðast í mikilvæg verkefni.

Ákvæði um nauðasamninga í 89. gr. þarf að skoða í samhengi við 71. gr.

Lánasjóður sveitarfélaga (LS) fjármagnar sig að jafnaði á 80 punktum yfir ríkissjóði og 50 punktum yfir sértryggðum bréfum bankanna. Vaxtamunurinn kostar sveitarfélög nokkra milljarða á ári hverju. Í leit að svörum um hvers vegna munurinn sé svo mikill þá hefur því verið velt upp hvort ákvæði um nauðasamninga í sveitarstjórnarlögum skýri muninn að hluta. Þá talar ákvæðið beinlínis gegn 71. gr. sveitarstjórnarlaga sem fjallar um að sveitarfélög verða ekki tekin til gjaldþrotaskipta. Sambandið leggur til að þetta ákvæði verði skoðað með tilliti til ofangreinds álags og lagt mat á það hvort það megi einfaldlega missa sín.

Reglur um bókhald og reikningsskil – 75. gr.

2. mgr. núverandi 75. gr. um heimild reikningsskila- og upplýsinganefndar til að gefa út nánari leiðbeiningar og álit um bókhald, fjárhagsáætlanir og reikningsskil

sveitarfélaga er felld út og ekki verður séð að ný nefnd fái sömu heimild. Æskilegt er að ný nefnd fái sambærilegar heimildir.

C. Samvinna sveitarfélaga

Byggðasamlög – 94. gr. laganna

Lagðar eru til umfangsmiklar breytingar á 94. gr. í kjölfar samráðs við sveitarfélög og er nú gert ráð fyrir mun ítarlegri ákvæðum um byggðasamlög en í gildandi lögum.

Í 3. mgr. segir að með stofnsamningi um byggðasamlag framselja aðildarsveitarfélög til byggðasamlagsins það fjárstjórnarvald sem lýtur að rekstri þess og að fjárhagsáætlun sem samþykkt er á aðalfundi þess ákvarði fjárframlag hvers aðildarsveitarfélags til reksturs byggðasamlagsins. Nánar er síðan fjallað um þetta í greinargerð en þar mætti bæta við ítarlegri umfjöllun um hvernig fjárhagsáætlun byggðasamlags skilar sér inn í fjárhagsáætlanir aðildarsveitarfélaga og hvort sveitarstjórnnum beri að samþykkja þær í sínar fjárhagsáætlanir á grundvelli framsals á fjárstjórnarvaldi.

Í 4. mgr. er fjallað um atkvæðarétt á aðalfundi og að almenna reglan sé að allir kjörnir fulltrúar aðildarsveitarfélaga hafi atkvæði og atkvæðavægi þeirra ráðist af íbúafjölda sveitarfélags eða af innbyrðis ábyrgðarhlutfalli hvers sveitarfélags á starfsárinu. Hér mætti skoða að lögfesta að einnig megi miða við aðrar forsendur, s.s. fjölda barna í sveitarfélögum eða nemendafjölda þar sem fjöldi byggðasamlaga er um skóla og barnavernd þar sem kostnaðarskipting er miðuð við fjölda barna en ekki íbúa. Í greinargerð mætti einnig fjalla betur um fulltrúaráð, t.d. hvort fyrirmyndin sé sótt í sjálfseignastofnanir í atvinnurekstri þannig að hægt sé að sækja þekkingu og reynslu þangað ef við á. Einnig er hvatt til þess að setja í greinargerð dæmi um útreikning á atkvæðavægi, bæði þegar um er að ræða að allir kjörnir fulltrúar hafi atkvæðavægi og þegar fulltrúaráð hefur atkvæðavægi. Þannig er hægt að tryggja sameiginlegan skilning á lagaákvæðinu. Rétt þykir einnig að benda á að með þessu fyrirkomulagi, að allir kjörnir fulltrúar hafi atkvæði, gæti komið upp sú staða að atkvæði á aðalfundi byggðasamlags skiptist ekki milli sveitarfélaga heldur eftir stjórnmalaflokkum þvert á sveitarfélög.

Hvatt er til þess að í ákvæðinu komi einnig fram að við atkvæðagreiðslu á aðalfundum byggðasamlaga sé miðað við greidd atkvæði til samræmis við almenna reglu félagaréttar um atkvæðagreiðslur en í sveitarstjórnarlögum er undantekning þar sem hjáseta telst með.

Lagt er til að orðanotkun í greinum um byggðasamlög séu endurskoðuð og samræmd en notast er við samning, samþykktir og stofnsamning. Eðlilegt er að eingöngu eitt þeirra sé valið og notað. Einnig er almennt í greininni talað um aðalfund en einnig kemur fyrir hugtakið ársfundur.

Í 8. mgr. er fjallað um aðgang að gögnum og hvatt er til þess að greinin sé endurorðuð og vísað beint til 28. gr. til að tryggja samræmda túlkun og áherslu á

takmörkun vegna þagnarskyldu og aðgangs að gögnum varða málefni sem komið geta til umfjöllunar. Þykir það skynsamlegra heldur en að vísa eingöngu til 28. gr. í greinargerðinni. Sem dæmi gæti ákvæðið verið svohljóðandi:

28. gr. laganna um aðgang að gögnum og þagnarskyldu á við um aðgang og þagnarskyldu einstakra sveitarstjórna, kjörinna fulltrúa og endurskoðenda aðildarsveitarfélaga að gögnum um stjórnsýslu byggðasamlags.

Í 10. og 11. mgr. er fjallað um kostnaðarskiptingu innan byggðasamlags. Ítrekuð er fyrri ábending um að bjóða upp á kostnaðarskiptingu eftir t.d. barnafjölda eða nemendafjölda en ekki eingöngu íbúafjölda. Einnig mætti finna betri eða fjölbreyttari dæmi til að setja í greinargerðina. Kostnaður við sorppjónustu fer t.d. eftir því hvort þar undir sé sorphirða en þá eru það eknir kílómetrar sem hafa meiri áhrif en magn sorps, í félagsþjónustu er það einnig þyngd mála sem hefur meiri áhrif en fjöldi mála og svo mætti lengi telja. Einnig mætti nefna sem dæmi aðkeypt þjónusta sé sundurgreind niður á lögheimilissveitarfélag þjónustuþega en almennum kostnaði sé deilt niður eftir íbúafjölda eða nemendafjölda.

Úrganga úr byggðasamlagi og slit byggðasamlags – 95. gr. laganna

Lagt er til að 6. mgr. sé gerð skýrari þannig að það komi skýrt fram að heimilt sé að ljúka slitum án skipunar skiptastjórnar en þá skal aðalfundur fela stjórn eða framkvæmdastjóra að bera ábyrgð á uppgjöri eigna og skulda. Þannig er tryggt að það sé aðalfundur sem tekur ákvörðun um slit og aðalfundur sem tekur ákvörðun um hver fer með framkvæmd uppgjörs eigna og skulda.

Samningur um að sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir önnur sveitarfélög - 96. gr. laganna

Lagðar eru til breytingar sem snúa að því að skýra valdmörk og ábyrgð sveitarfélaga og kostnaðarskiptingu samnings skv. 96. gr.

Í 1. mgr. er ítrekað að sveitarfélag sem tekur að sér verkefni fyrir önnur sveitarfélög tekur að fullu yfir alla framkvæmd og rekstur viðkomandi verkefnis eða verkefna, þ.m.t. boðvald yfir þeim starfsmönnum sem sinna verkefninu. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ákvæðið komi ekki í veg fyrir að sveitarfélögin geti gert með sér þjónustusamning um að einstakir starfsmenn framsalssveitarfélagsins sinni áfram skilgreindum verkefnum fyrir það sveitarfélag sem tekur yfir verkefnið. Markmið breytinganna er að skýra valdmörk og árétta að starfsmaður geti ekki haft tvo yfirmenn frá tveimur mismunandi sveitarfélögum vegna sömu verkefna. Að mati Sambandsins nær breytingartillagan þó ekki markmiðum sínum.

Í íðorðabanka Árnastofnunar er hugtakið „boðvald“ skilgreint en þar segir:

„Sú heimild [vinnuveitanda](#) að gefa starfsmanni sínum fyrirmæli um framkvæmd starfs“

Þar kemur jafnframt fram að boðvald sé eitt af þeim kennileitum sem veita vísbendingu um hvort samningssamband byggist á verksamningi eða ráðningarsamningi. Starfsmaður sem er með ráðningarsamning við framsalssveitarfélagið getur því ekki lútið boðvaldi sveitarfélagsins sem tekur að

sér verkefni á grundvelli 96. gr. og leysir ákvæðið því ekki úr óskýrleika varðandi „tvo yfirmenn“. Sveitarfélögin geta þó gert með sér samning um kaup á þjónustu, þar sem verkefnið er skýrlega afmarkað og endanleg ábyrgð í höndum sveitarfélagsins sem tekur að sér verkefnið skv. 96. gr. Er þetta þá almenn þjónustukaup eins og þekkist í mörgum málaflokkum og mörg dæmi eru um slíka samninga, t.a.m. við einkaaðila, þar sem ábyrgð á verkefninu er enn í höndum sveitarfélags þrátt fyrir að boðvald yfir starfsfólki aðila sem keypt er þjónusta af sé ekki til staðar. Í því skyni að skýra valdmörk og hlutverk er mikilvægt að orðalagi ákvæðisins verði breytt.

Í nýrri málsgrein er lagt til að kostnaðarskipting samnings milli sveitarfélaga á grundvelli 96. gr. skuli byggjast á árlegri greiningu á raunkostnaði verkefnisins fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig. Ákvæðið veitir ekkert svigrúm fyrir sveitarfélög til að semja um kostnaðarskiptingu á öðrum grunni, s.s. á grundvelli íbúafjölda. Að mati Sambandsins er ekki vænlegt að setja sveitarfélögum of þröngar skorður þegar kemur að kostnaðarskiptingu enda geta ólík sjónarmið legið þar til grundvallar ólíkum málaflokkum, s.s. fjöldi nemenda eða barna í sveitarfélaginu líkt og nefnt er hér að ofan varðandi kostnaðarskiptingu byggðasamlaga.

Landshlutasamtök sveitarfélaga - 97. gr. laganna

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem snúa aðallega að því að skýra hlutverk og verkefni landshlutasamtaka sveitarfélaga. Breytingarnar eru að flestu leyti til bóta enda hefur lengi verið uppi óvissa hvað það varðar en Sambandið gerir þó athugasemdir við 1. mgr. þar sem lagt er til að aðild sveitarfélaga að landshlutasamtökum verði skyldubundin. Sambandið geldur varhug við því hvort sú tillaga samræmist félagafrelsi sem varið er af 74. gr. stjórnarskrárinnar en þar segir:

„Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.“

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í ljósi þess lögbundna hlutverks sem landshlutasamtökin hafa við gerð sóknaráætlunar sé „eðlilegt að öll sveitarfélög séu hluti af þeirri vinnu“. Sambandið telur þessi rök ekki fullnægjandi og leggur áherslu á að ákvæðið verði endurskoðað með sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga og félagafrelsis sjónarmið í huga. Jafnframt bendir Sambandið á að samkvæmt 98. laganna er Sambandið lögbundinn sameiginlegur málsvari sveitarfélaga í landinu en ekki er gert ráð fyrir skyldu aðild að Sambandinu. Vert er að taka fram að Sambandið er ekki að sækjast eftir slíkri lögfestri skyldu aðild en telur eðlilegt að samræmis sé gætt milli aðildar að Sambandinu og landshlutasamtökum.

Samband íslenskra sveitarfélaga - 98. gr. laganna

Sambandið hvetur til þess að við e. lið bætist s.s. við hönnun og rekstur stafrænna lausna en þannig má ná betur utan um stafrænt samstarf sveitarfélaga við innleiðingu stafrænna lausna til að auka þjónustu við íbúa þvert á sveitarfélög.

Einnig er hvatt til þess að 5. mgr. verði endurorðuð til að ná betur utan um vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal viðkvæmra persónuupplýsinga. Lagt er til að 5. mgr. verði svohljóðandi:

„Sambandi íslenskra sveitarfélaga er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal viðkvæmra persónuupplýsinga, s.s. um kjaramál, fræðslu- og félagsþjónustu og barnavernd, í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu sem sameiginlegur málsvari sveitarfélaga, að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.“

Ástæður fyrir því að Sambandið þarf heimild til vinnslu persónuupplýsinga eru m.a.:

- Til að ná fram þeim markmiðum er koma fram í 4. mgr. er Sambandið að setja upp gagnalón þar sem verið er að safna fjárhagsupplýsingum allra sveitarfélaga. Þegar um lítil sveitarfélög er að ræða geta sumar fjárhagsupplýsingar verið persónugreinanlegar á ákveðnum tímavörð. Slík vinnsla fer að sjálfsgöngu eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga en heimild til vinnslunnar þarf engu að síður að vera til staðar.
- Sambandið hefur verið að styðja við aukið samstarf sveitarfélaga um stafrænar lausnir t.d. varðandi umsókn um fjárhagsaðstoð. Það felur í sér að tímabundin vinnsla persónuupplýsinga á sér stað við þróun og miðlun slíkra stafræna lausna.
- Sambandið er með samningsumboð fyrir flest sveitarfélög þegar kemur að gerð kjarasamninga og þarf að vinna viðamiklar greiningar í tengslum við kjaramál og mannauðsmál.

D. Almennt eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélaga

Ákvæði í XI. kafla laganna um stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögunum.

Með breyttum ákvæðum um ábendingar og kvartanir vegna stjórnsýslu sveitarfélaga verða farvegir og málsmeðferð slíkra mála skýrari. Sambandið bendir þó á að áriðandi sé að tryggja það að sá aðili sem beinir máli til ráðuneytisins gefi alltaf upp deili á sér til að koma megri í veg fyrir að slík mál fari í farveg án þess að tilefni sé til. Sú lágmarkskrafa að aðili gefi upp deili á sér kann að minnka hættuna á slíku.

Talsverðar breytingar eru fyrirhugaðar á eftirlitshlutverki ráðuneytisins í nokkrum veigamiklum þáttum. Fyrst má nefna að Sambandið tekur undir með ráðuneytinu varðandi það að heppilegt sé að undanskilja mál sem snúa að starfslokum starfsmanna sveitarfélaga alfarið frá eftirliti ráðuneytisins enda eigi slík mál fremur heima í öðrum farvegi en stjórnsýslueftirliti ráðuneytis.

Í öðru lagi má nefna ákvæði 42. gr. þar sem lagt er til að ráðuneytinu verði skylt að fjalla um ákvörðun eða mat sveitarfélags á hæfi eða vanhæfi kjörins fulltrúa ef að sveitarstjórnarmenn eða nefndarfulltrúar fara fram á slíkt. Bendir Sambandið á að slík skylda kunni að verða til þess að hægt geti á úrlausn tiltekinna mála og

stjórnsýslu sveitarfélaga, ekki síst í ljósi þeirra breytinga sem jafnframt verða gerðar á málsmæðferð varðandi afgreiðslu á málum um vanhæfi kjörinna fulltrúa á fundum sveitarstjórnar.

Í þriðja lagi bendir Sambandið á að í 113. gr. er kveðið á um heimild ráðherra til að fara fram á að sveitarfélag taki saman og afhendi upplýsingar í þágu stefnumótunar eða rannsókna á sviði sveitarstjórnarmála. Mikilvægt er að ef að slíkri heimild yrði ávallt beitt með meðalhóf að leiðarljósi enda kunna slíkar beiðnir að íþyngja verulega stjórnsýslu sveitarfélaga, einkum minni sveitarfélaga.

Í fjórða lagi bendir Sambandið á mikilvægi þess að í tengslum við lögfestingu á ógildingarheimild ráðherra í tengslum við frumkvæðismál skv. 114. gr. verði horft til almennra mælikvarða varðandi ógildingu sem og til sérsjónarmiða sem eiga við um sveitarfélögin, s.s. stjórnarskrárvarinnar sjálfstjórnar þeirra, fjárhagslegra áhrifa á sveitarfélög, röskun á staðbundnum ákvörðunum og þess að almennt beri að gæta varúðar við endurskoðun á pólitísku mati sveitarfélaga.

Í fimmta lagi bendir Sambandið á að í frumvarpsdrögnum er lögð til sú breyting í 40. gr. að ráðherra verði ekki skylt að leita sjónarmiða sveitarfélaga í málum sem varða þau öll, eða ef um er að ræða vanrækslu á skilum gagna. Sambandið geldur sérstaklega varhug við að ekki verði leitað sjónarmiða sveitarfélaga í málum sem varða vanrækslu á skilum gagna, enda er ekki útilokað að sjónarmið sveitarfélags kunni að hafa þýðingu í slíkum málum. Er þetta sérstaklega mikilvægt í ljósi breytinga á 110. gr. þar sem kveðið er á um að ráðherra geti beitt úrræðum vegna vanrækslu á skilum á gögnum án þess að áður sé eftir sjónarmiðum sveitarfélags leitað, og ekki síður sökum þess að samkvæmt 116. gr. er áformað að ráðherra geti beitt dagsektum eða stöðvað greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga án þess að sveitarfélagi verði gerður fyrirvari áður ef um vanrækslu á skilum á gögnum er að ræða.

Í sjötta lagi gerir Sambandið alvarlegar athugasemdir við nýja heimild ráðherra til að leggja stjórnvaldssektir á sveitarfélög. Það að veita ráðherra heimild til að leggja stjórnvaldssektir á sveitarfélög er verulega íþyngjandi og skapar mikið ójafnræði í samskiptum þessara tveggja stjórnsýslustiga. Þá verður ekki séð að þörf sé á slíkri heimild. Ráðherra hefur nú þegar heimildir til eftirlits og eftirfylgni og þvingunarheimildir til að koma á lögmætu ástandi s.s. stöðvun greiðslna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og dagseктаheimild og ekki verður séð að þörf sé á heimild til að leggja á stjórnvaldssektir því til viðbótar enda ítrekað í greinargerð að slík heimild yrði eingöngu nýtt í algjörum undantekningartilfellum. Sambandið telur því ekki að fullnægjandi rök séu fyrir slíkri heimild ráðherra.

Sambandið telur að aukin skilvirkni kunni að fást með því að fallið verði frá því að krafa verði gerð um staðfestingu ráðuneytisins á samningum og samþykktum sveitarfélaga. Á þessu sviði er áriðandi að samhliða verði gerðar breytingar á lögum sem áskilja staðfestingu annarra ráðuneyta á sömu samningum og samþykktum. Einungis með því móti fæst raunveruleg einföldun og aukin skilvirkni á þessu sviði. Jafnframt skal á það bent að það getur verið meira íþyngjandi fyrir sveitarfélög og

íbúa þeirra ef að samningar eða samþykktir sveitarfélaga verða felld úr gildi að hluta til eða öllu leyti s.s. 115. gr. veitir heimild til. Nauðsynlegt er að horfa til þess hversu íþyngjandi slíkar niðurfellingar gætu verið við mat á því hvort breyta skuli framkvæmdinni á þann veg að samningar eða samþykktir sveitarfélaga verði ekki staðfest af hálfu ráðuneytisins.

E. Sameiningar sveitarfélaga

Í frumvarpinu er að finna róttækar breytingar á ákvæðum er varða sameiningar sveitarfélaga. Er þar bæði átt við breytingar sem fyrirhugaðar eru á kafla I. og XII. í lögum og varða lágmarksíbúafjölda og sameiningar. Jafnframt eru aðrar breytingar s.s. varðandi heimastjórnir og samvinnu sveitarfélaga sem einnig koma til með að hafa áhrif hvað varðar sameiningar.

Frumkvæði ráðherra að sameiningum – ný 4. gr. b. og 120. gr. a

Ákvæðið gerir ráð fyrir því að ráðherra beri að hafa frumkvæði að sameiningum sveitarfélaga ef íbúafjöldi er undir 250 manns með ákveðnum undantekningum þó. Þá er jafnframt gert ráð fyrir því með bráðabirgðaákvæði við lögin að ráðherra beri að sjá til þess að sameiningum sveitarfélaga með færri en 250 íbúa ljúki tímanlega svo að kjósa megi til nýrrar sveitarstjórnar í almennum sveitarstjórnarkosningum árið 2026.

Ljóst er að þetta ákvæði verður umdeilt á sveitarstjórnarstiginu enda um að ræða skyldu fyrir ráðherra til að grípa verulega inn í sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga. Sambandið hefur undanfarin ár talað fyrir því að sameiningar byggja á vilja íbúa og að til staðar verði öflugir hvatar fyrir þau sveitarfélög sem vilja fara í sameiningarvegferð. Raunverulegur vilji sveitarfélaga ásamt öflugum hvötum séu líklegri til að skila farsælum sameiningum heldur en lögbvinguð aðgerð ráðherra. Rétt er einnig að benda á að þó að það séu ekki mörg sveitarfélög sem eru undir 250 íbúa markinu þá hefur ákvæðið víðtækari áhrif en bara á þau enda gert ráð fyrir að aðliggjandi sveitarfélög verði einnig að hlýta ákvörðun ráðherra um sameiningar.

Stjórn Sambandsins barst erindi frá 19 sveitarfélögum þar sem skorað er á stjórn Sambandsins að hafna tillögum innviðaráðuneytisins um það afnám íbúalýðræðis sem felst tillögum í frumvarpi til breytinga á sveitarstjórnarlögum og varða þvingaðar sameiningar sveitarfélaga. Stjórn tók erindið til umfjöllunar á fundi sínum þann 10. október og bókaði eftirfarandi:

Stjórn Sambandsins þakkar erindið og lýsir fullum skilningi á því að ekki ríki einhugur innan sveitarstjórnarstigsins um framangreind mál. Stjórnin leggur þó ríka áherslu á að öll sveitarfélög láti í ljós afstöðu sína og skili inn umsögn um málið.

Stjórn Sambandsins telur mikilvægt að ráðherra hlusti á rök sveitarfélaganna er snerta boðaðar breytingar varðandi sameiningar sveitarfélaga og um leið sjálfsákvörðunarrétt þeirra. Hlutverk Sambandsins er að standa vörð um hagsmuni sveitarfélaganna og tekur undir með sveitarfélögum að hlusta verði á vilja íbúa þeirra.

Með vísan til framangreinds hvetur Sambandið ráðuneytið því til að hlusta á sjónarmið sveitarfélaganna um þetta ákvæði og taka upplýsta ákvörðun um hvort að þessi leið sé farsæl og til þess fallin að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með fyrirhuguðum lagabreytingum.

Lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags – 4. gr. a

Áfram er gert ráð fyrir að stefnt skuli að því að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga sé ekki undir 1000. Hins vegar eru gerðar þær breytingar á ákvæðinu að íbúum er veittur beinn réttur til að knýja á um sameiningarviðræður og íbúakosningu um niðurstöðu þeirra.

Ljóst er að þessi ákvæði geta komið til með að hafa veruleg áhrif. Það að eingöngu 10% kosningabærra íbúa í sveitarfélögum sem eru með færri en 1000 íbúa geti krafist þess að bæði sveitarfélagið sem þau búa í og annað sveitarfélag fari í sameiningarviðræður er afar íþyngjandi. Sama á við varðandi það ákvæði að 10% kosningabærra íbúa í sveitarfélagi með fleiri en 1000 íbúa geti krafist þess að unnið sé álit um stöðu þess og í kjölfarið farið fram á formlegar sameiningarviðræður.

Sérstaklega er það íþyngjandi að íbúar eins sveitarfélags geti þannig bundið hendur sveitarstjórnar í öðru sveitarfélagi. Lýðræðisleg skipan sveitarfélaga byggir á því að það séu íbúar þess, þ.e. þeir sem þar hafa lögheimili, sem kjósi sér sveitarstjórn til að fara með stjórn sveitarfélagsins. Það er því afar sérstakt að íbúar annarra sveitarfélaga geti haft svo afdrifarík áhrif á stjórn annarra sveitarfélaga og telur Sambandið það ekki í samræmi við fyrrgreinda lýðræðislega skipan sveitarfélaga. Sambandið hvetur ráðuneytið því til að taka þessi ákvæði til endurskoðunar.

F. Önnur atriði

Þegar áform um endurskoðun sveitarfélaga voru birt í samráðsgátt 14. maí sl. var gert ráð fyrir að til skoðunar væri að setja í lögin heimild sveitarfélaga til að veita íbúum sínum sérstakar ívilnanir í gjaldskrár vegna þjónustu sem sveitarfélög veita t.d. vegna frístunda, safna, aðgang að sundlaug o.s.fv. Það er ákall eftir slíku ákvæði á sveitarstjórnarstiginu og telur Sambandið afar mikilvægt að það komi inn í frumvarpið áður en það verður lagt fram á Alþingi.

Að lokum

Líkt og fram hefur komið er með frumvarpinu lagðar til margar gagnlegar breytingar á sveitarstjórnarlögum. Hins vegar er í frumvarpinu einnig að finna ákvæði sem verða afar umdeild á sveitarstjórnarstiginu og vandséð er séu til þess fallnar að styrkja og efla sveitarstjórnarstigið.

Sambandið óskar eftir að ráðuneytið fari vel yfir þau sjónarmið sem sett hafa verið fram í umsögn þessari sem og sjónarmið þeirra sveitarfélaga og samtaka þeirra sem skila inn umsögn um frumvarpið. Mikilvægt er að ná sem mestri samstöðu um efni þess áður en það verður lagt fram á Alþingi.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur